



Reykjavík, 5. september 2024

SFS24080310

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Staða ráðninga á skóla- og frístundasviði 4. september 2024

Þann 4. september var send fyrirspurn til stjórnenda leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva á skóla- og frístundasviði um stöðu í starfsmannámálum. Svör bárust frá öllum. Samkvæmt svörum þeirra er búið er að ráða í um 95,3% grunnstöðugilda í leikskólum, 97,2% í grunnskólum og um 75,8% í frístundaheimilum/sértækum félagsmiðstöðvum. Eftir á að ráða í 75,8 grunnstöðugildi í leikskólum, 68,1 stöðugildi í grunnskólum og 67,9 stöðugildi í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum.

	Austur- miðstöð	Norður- miðstöð	Suður- miðstöð	Vestur- miðstöð	Samtals
Leikskóli	24,0	23,0	8	20,8	75,8
Grunnskóli	20,0	20,0	15,1	13,0	68,1
Frístundaheimili og sértækar félagsmiðstöðvar	18,2	28,5	9,0	14,0	67,9
Fjöldi stm. í fríst.starfi	38	54	18	28	138

Tafla 1. Staðan í ráðningum skipt eftir starfsemi og borgarhlutum 4. september 2024

Í **leikskóla** á eftir að ráða í 75,8 stöðugildi miðað við grunnstöðugildi á deildum, sérkennslu og stjórnun samanborett við 91 þann 19. ágúst 2023. Að auki á eftir að ráða í samtals 26 stöðugildi í eldhús og vegna afleysinga vegna undirbúningstíma og skammtímaveikinda. Samtals á því eftir að ráða í 101,8 stöðugildi en þann 19. september fyrir ári, átti eftir að ráða í 115 stöðugildi. Spurningin sem leikskólastjórar svöruðu var hvað vantar mikið af stöðugildum í dag miðvikudaginn 4. september, þannig að fullmannað sé miðað við að öll börnin hafi hafið vistun, þ.e þau börn sem eru í vistun í dag og þau sem búið er að bjóða vistun. Því byggja ofangefnar tölur á þeim degi en jafnframt gáfu leikskólastjórar upp að búið er að ganga frá ráðningu í 8 stöðugildi en það starfsfólk hefur ekki hafið störf enn. Auk þessara stöðugilda sem vantar á gefnum degi vænta leikskólastjórar þess að þeir þurfi að ráða í um 15 önnur stöðugildi í stað núverandi starfsfólks sem mun fara í leyfi eða hætta störfum á komandi vikum og mánuðum.

Í **grunnskóla** á eftir að ráða í 68,1, samanborett við 75,5 stöðugildi 22. ágúst 2023 og 28,7 stöðugildi 19. september 2023 en það gerist margt á fyrstu dögum skólaársins. Flest stöðugildi sem er verið að ráða í eða 44,5 stöðugildi, eru vegna stuðnings sem almennt er ráðið í við upphaf skólaárs. Eftir á að ráða fleiri kennara til starfa í ár en í fyrra eða í 20,6 stöðugildi þann 4. september sl. en 9 stöðugildi kennara á fyrsta skóladegi í fyrra.

Í **frístundaheimili/sértækar félagsmiðstöðvar** á eftir að ráða í 69,7 stöðugildi eða um 138 einstaklinga því um er að ræða hlutastörf, sem er svipað stöðunni 19. september 2023 þegar eftir átti að ráða í 68,6 stöðugildi, tveimur vikum lengra inn í önnina. Ráðið



Reykjavík



hefur verið í um 75,8% stöðugilda en ráðningar eru í fullum gangi og staðan breytist á degi hverjum. Mikið af starfsfólki frístundaheimila eru námsmenn þar sem um hlutastörf er að ræða. Staðan á biðlistum breytist því daglega en þann 4. september voru 1.156 börn á biðlista af þeim 4.049 börnum sem eru með virka umsókn, 2.893 börn hafa fengið samþykkað vistun, þar af 2.509 í fullri vistun en 384 í hlutavistun. 97% frístundaheimilanna hafa náð umbeðinni vistun í 1. bekk, 70% frístundaheimilanna hafa náð umbeðinni vistun í 2. bekk en mun færri í 3. og 4. bekk.

Niðurstöðurnar eru nýttar til að greina stöðuna og beina stuðningi til þeirra starfstaða sem er í mönnunarvanda. Ákvarðanir um auglýsingaherferðir byggja jafnframt á þessum upplýsingum. Þá fá fagstjórar, stjórnendur og mannauðsráðgjafar í miðstöðvum góða yfirsýn yfir stöðuna og fjármálaráðgjafar og stjórnendur starfstaðanna stilla saman strengi hvaða heimildir eru til ráðninga.

Næsta fyrirhugaða formlega stöðutaka er 9. október nk.





Fylgiskjöl

Tölfræði um stöðu ráðninga og áhrif á þjónustu.

Leikskólar

Miðstöð	Aðstoðarleik- skólastjóri	Grunnstöðu- gildi á deild	Sérkennslu- stjóri	Úthlutuð sérkennsla (sérkennslustjóri ekki talinn með hér)	Samtals
Austurmiðstöð	1,0	13,0	1,0	9,0	24,0
Norðurmiðstöð	0,0	14,0	0,0	9,0	23,0
Suðurmiðstöð	0,0	6,0	0,0	2,0	8,0
Vesturmiðstöð	0,0	10,0	0,0	10,8	20,8
Samtals	1,0	43,0	1,0	30,8	75,8

Tafla 1a - Fjöldi grunnstöðugilda í leikskólum sem á eftir ráða í eftir borgarhlutum og tegund starfa

Miðstöð	Afleysing v. undirbúningstíma og skammtímaveikinda	Stöðugildi í eldhús (ef ekki er úthýst)
Austurmiðstöð	12,0	0,0
Norðurmiðstöð	8,0	1,0
Suðurmiðstöð	2,0	0,0
Vesturmiðstöð	3,0	0,0
Samtals	25,0	1,0

Tafla 1b - Fjöldi annarra stöðugilda í leikskólum sem ég eftir að ráða í eftir borgarhlutum og tegund starfa

Frístundaheimili og sértækar félagsmiðstöðvar

Tegund Miðstöð	Frístundaheimili		Sértæk félagsmiðstöð	
	Fjöldi stöðugilda sem á eftir að ráða í	Fjöldi starfsfólks (kt) sem á eftir að ráða	Fjöldi stöðugilda sem á eftir að ráða í	Fjöldi starfsfólks (kt) sem á eftir að ráða
Austurmiðstöð	18,0	37	0,2	1
Norðurmiðstöð	16,5	31	12,0	23
Suðurmiðstöð	9,0	18	0,0	0
Vesturmiðstöð	14,0	28		
Samtals	57,5	114	12,2	24

Tafla 2 - Fjöldi stöðugilda og starfsmanna í frístundaheimilum og sértækum félagsmiðstöðvum sem á eftir að ráða í eftir borgarhlutum.





Miðstöð	Fjöldi kt.	Samþykkt	Þar af fjöldi í hlutavistun	Biðlisti
Austurmiðstöð	1399	864	26	535
Norðurmiðstöð	1125	838	250	287
Suðurmiðstöð	653	549	102	104
Vesturmiðstöð	872	642	6	230
Samtals	4049	2893	384	1156

Tafla 3 - Fjöldi barna, samþykkttra barna og þar af fjöldi barna í hlutavistun og fjöldi barna sem er á biðlista með enga vistun.

Miðstöð	Stjórnun (aðstoðarskólastj. og deildarstj.)	Kennsla	Stuðningur	Önnur almenn stöðugildi	Alls
Austurmiðstöð	0,0	4,0	16,0	0,0	20,0
Norðurmiðstöð	0,0	5,0	13,0	2,0	20,0
Suðurmiðstöð	0,0	5,6	8,5	1,0	15,1
Vesturmiðstöð	0,0	6,0	7,0	0,0	13,0
Total	0,0	20,6	44,5	3,0	68,1

Tafla 4 – Fjöldi stöðugilda í grunnskóla sem á eftir að ráða í eftir borgarhlutum.